

LÖG

um breytingu á lögum um Verðlagsstofu skiptaverðs og
úrskurðarnefnd sjómanna og útvegsmanna, nr. 13/1998 (forstaða o.fl.).

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Á eftir 1. málsl. 2. gr. laganna kemur nýr málslíður, svohljóðandi: Ráðherra er einnig heimilt að fela forstöðumanni annarrar ríkisstofnunar jafnframt forstöðu Verðlagsstofu skiptaverðs með skipun til allt að fimm ára í senn.

2. gr.

Í stað 4. málsl. 6. gr. laganna koma tveir nýir málslíðir, svohljóðandi: Fulltrúar Félags skipstjórnarmanna, Sjómannasambands Íslands, Félags vélstjóra og málmæknimanna og Samtaka fyrirtækja í sjávarútvegi skulu hafa aðgang að álitinu. Ef uppgjör við áhöfn fylgir kjarasamningi um kaup og kjör á smábátum skal Landssamband smábátæigenda einnig hafa aðgang að álitinu.

3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 2. mgr. 8. gr. laganna:

- Í stað orðanna „Farmanna- og fiskimannasamband Íslands“ í 2. málsl. kemur: Félag skipstjórnarmanna.
- Í stað orðanna „skal Landssamband íslenskra útvegsmanna“ í 3. málsl. kemur: skulu Samtök fyrirtækja í sjávarútvegi.

4. gr.

Í stað orðsins „fiskverðs“ í 1. mgr. 11. gr. laganna kemur: skiptaverðs.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 3. júlí 2024.

Guðni Th. Jóhannesson.

(L. S.)

Bjarkey Olsen Gunnarsdóttir.